

Aðalfundur var haldinn í Félagi austfirskra kvenna í Reykjavík, í safnaðarheimili Grensáskirkju 4. mars 2024 kl. 19:00.

Að meðtaldri stjórn mættu 57 konur til fundarins.

Glimmerþema var á fundinum og er óhætt að segja að það hafi fallið vel í kramið. Mættu konurnar til fundar í glitrandi klæðum með skínandi fylgihluti.

Formaður setti fundinn og bauð alla velkomna til fundar. Hún hóf fundinn á því að minnast látinna félagskvenna frá síðasta aðalfundi, þeirra Hrefnu Björnsdóttur, Ingibjargar Tómasdóttur, Láru Karlsdóttur, Sigríðar Hákonardóttur og Valborgar Kristjánsdóttur. Risu fundarkonur úr sætum og heiðruðu minningu þeirra og annarra látinna félagskvenna.

Hallur Ásgeirsson tónlistarmaður frá Djúpavogi flutti nokkur lög eftir Bubba Morthens fyrir hópinn. Hallur hefur starfað á sýningunum Níu líf í Borgarleikhúsinu en sýningarnar fjalla einmitt um líf Bubba. Frábær flutningur og var Hallur auðvitað klappaður upp.

Að þessu atriði loknu var boðið til matarhlaðborðsins. Grillvagninn sá um veitingarnar og var krásur þeirra gerð góð skil. Frábær þjónusta hjá þeim félögum sem hafa séð um matinn á nokkrum aðalfundum félagsins og alltaf boðið upp á dýrindis grillmat og meðlæti. Var starfsmönnum Grillvagnsins þakkað með þétu lófataki.

Að mat loknum var boðið upp á kaffi og konfekt um leið og hefðbundin aðalfundarstörf hófust.

1. Fundarstjóri/fundarritari

Formaður stakk upp á Höllu, ritara stjórnar, bæði sem fundarstjóra og fundarritara og var það samþykkt. Bauð hún fundarstjóra að taka við stjórn fundarins.

Fundarstjóri skýrði að á aðalfundi væru teknar ákvarðanir er varða félagið og reikningar samþykktir. Í því samhengi áréttaði hún að aðeins félagskonur, þ.e. þær sem greiddu árgjald fyrir síðasta starfsár ásamt félagskonum sem hafa náð þeim aldri að vera gjaldfrjálsar, hefðu atkvæðisrétt á fundinum.

2. Skýrsla stjórnar

Þar sem formaður átti erfitt með beita röddinni vegna hæsi þá flutti fundarstjóri skýrslu stjórnar.

Stjórnin hélt 10 stjórnarfundir á milli aðalfunda og sjö félagsfundir voru haldnir, það er fyrsta mánudag í apríl, maí, september, október, nóvember og desember árið 2023 og svo í febrúar 2024.

Margt var til gamans gert á fundunum. Allir flytjendur tónlistar, söngs og fræðslu gáfu vinnu sína og sýndu félaginu mikinn velvilja og stuðning. Flest þeirra eiga tengingar austur á land.

Eins og venjulega var fundarhlé í júní, júlí og ágúst og haldið svo áfram í september. Einnig var gert fundarhlé í janúar. Mjög góð mæting var á alla fundi félagsins á starfsárinu en októberfundurinn, sem var að mörgu leyti sérstakur, var lang fjölmennastur. Þar mættu um 80 konur en fundurinn var með jólalegu ívafi vegna aðstoðar við Albert Eiríksson við umfjöllun í jólablaði Húsfreyjunnar.

Minnst var á kaffinefndirnar og mönnun þeirra og að starfsemi félagsins færðist í nýjan sal í kirkjunni á árinu.

Þegar ný stjórn tók við þá var nokkur óvissa um félagatalið því litlar heimtur höfðu orðið á árgjöldum á COVID tímanum.

Nú er 71 félagskona skráð í félagið, 58 greiðandi og 13 gjaldfrjálsar. Aldursdreifing félagskvenna hefur jafnast mjög mikið á árinu og er nú yngsta konan í félaginu 53ja ára og sú elsta 100 ára.

Fjöldmargir gestir hafa einnig mætt til einstakra funda, án þess að ganga í félagið. Gestum fylgir innkoma í formi aðgangseyris og hefur þeim verið vel tekið enda vonandi um framtíðar félagskonur að ræða.

Á árinu hefur fjárhagur félagsins vænkast nokkuð enda verið góð mæting á félagsfundi og sala miða í jólahappdrætti gekk vel. Aðgangseyrir að kaffihlaðborði, árgjöld og happdrætti/bingó eru aðal tekjulindir félagsins.

Örlítil hækkun varð á salarleigu en samkomulagið við kirkjuna er engu að síður hagstætt. Allar tekjur félagsins renna til góðgerðamála að frádregnum föstum kostnaði félagsins, svo sem salarleigu og kaffikostnaði.

Stjórnin tók ákvörðun um að hvíla styrkjaúthlutanir á meðan einblínt var á það að fjölga félagskonum og renna betri stoðum undir starfið. Þó var veittur 100 þúsund króna styrkur til söfnunar Rótarýklúbbs Norðfjarðar til styrktar þeim sem urðu fyrir tjóni vegna snjóflóðanna í Neskaupstað í mars 2023.

Félagskonur prjónuðu fullan kassa af sjúkrabílaböngsum fyrir sjúkrabílinn á Vopnafirði, hafður var frammi kassi á fundum þar sem félagkonur gátu gefið föt eða annað til þeirra sem minna mega sín og Hringskonur fengu að selja varning sinn til

styrktar Barnaspítalasjóði Hringsins á nóvemberfundinum. Safnaðist töluverð upphæð á fundinum í það góða málefni.

Allir sem komu fram á fundum félagsins á milli aðalfunda gáfu sína vinnu. Flest þeirra hafa tengingar austur á land og sýndu félaginu einstakan velvilja og stuðning með framlagi sínu. Kann félagið þeim öllum innilegar þakkir fyrir.

Halla Kjartansdóttir gaf félaginu hönnun og uppsetningu á vefsíðu fyrir félagið og öll rekstrargjöld af henni til eins árs. Hún sér alfarið um vefsíðuna og birtingu efnis á miðlum félagsins ásamt því að vinna eldri heimildir um starf félagsins inn á síðuna.

Margar félagskonur, velviljaðir einstaklingar og fyrirtæki gáfu vinninga í jólahappdrætti félagsins. Eins hafa fjölmargar konur lagt til veitingar á fundi og stutt við félagið á einn eða annan máta.

Það er félaginu afskaplega dýrmætt að eiga svona marga að sem sýna félaginu stuðning í verki með ýmsum hætti.

Stjórnin ákvað að gleðja allar félagskonur, 60 ára og eldri, sem eiga merkisafmæli á milli funda með örlitlum afmælisglaðningi. Í þeim tilfellum sem viðkomandi hefur ekki komist til fundar þá hef ég farið persónulega með glaðninginn heim til viðkomandi.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar setti hún sér nokkur markmið til að stefna að í starfi félagsins og markaðar voru leiðir að þeim markmiðum. Meðal markmiða var að fjöldi félagskvenna verði a.m.k. 100 árið 2025, að þetta dagskrá og umgjörð kaffifunda, að færa starfið í nútímalegri búning, að fara í eina skemmtiferð á ári, að auka tekjur félagsins, að auka fjárframlög til góðgerða, að endurnýja búnað í tengslum við fundarhald, að gera félagið sýnilegra og gegnsærra, að tryggja betur vörslu sögulegra heimilda og að besta nýtingu fjár.

Sumum markmiðum hefur þegar verið náð, önnur er enn í vinnslu en yfir það heila telur stjórnin árangur þessa fyrra árs af kjörtímabili stjórnarinnar mjög ásættanlegan og er stolt af starfinu.

Stjórnin leggur bjartsýn og jákvæð af stað inn í síðara ár kjörtímabilsins og vonar að árið 2024 verði félaginu gjöfult og gæfuríkt svo skila megi félaginu í sem bestu standi á aðalfundi árið 2025.

3. Reikningar félagsins kynntir og bornir upp til samþykktar

Sigurbjörg Bjarnadóttir, fyrrverandi formaður félagsins, sem annast hefur sölu minningarkorta félagsins, gerði grein fyrir kortasölu og stöðu minningarsjóðsins. Sagði Sigurbjörg mikinn samdrátt í kaupum á minningarkortum og hvatti viðstaddar til að hugsa til kortanna, þegar við á, þar sem það sé hlýleg leið til að minnast látinna að senda minningarkort.

Fundarstjóri þakkaði Sigurbjörgu kærlega upplýsingarnar og jafnframt fyrir að halda utan um þennan málaflokk fyrir félagið.

Kristín Ásbjarnardóttir gjaldkeri stjórnar fór yfir ársreikning félagsins, sem fundarkonur höfðu útprentaðan.

Heildartekjur félagsins á árinu 2023 voru 812.750,- kr. og heildargjöld 291.703,- kr. (100.000 af því er styrkúthlutun vegna snjófljóða á Neskaupsstað. Hagnaður eftir fjármagnsliði var 590.065- kr. Efnahagsreikningur félagsins hjóðar upp á 1.896.913,- kr.

Fundarstjóri skýrði frá því að ekki hefðu verið kjörnir skoðunarmenn reikninga á síðasta aðalfundi og því væru reikningarnir ekki skoðaðir af öðrum en stjórn.

4. Umræður um skýrslu stjórnar og atkvæðagreiðsla um reikninga félagsins.

Engar umræður urðu um skýrslu stjórnar og reikninga. Ársreikningur félagsins var því borinn upp til atkvæðagreiðslu og samþykktur samhljóða.

Skýrsla stjórnar, með ársreikningi félagsins, er birt á vefsíðu félagsins, www.austfirskar.is, þar sem fundargerðir félagsins eru vistaðar.

5. Árgjald fyrir 2024

Borin var upp tillaga stjórnar um að árgjaldið verði óbreytt, kr. 3.000,- fram að næsta aðalfundi.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri hvatti allar félagskonur sem ekki hafa þegar greitt árgjaldið fyrir 2024 að millifæra það til félagsins fyrir 1. maí nk.

Upplýst var að stjórn gerir ráð fyrir því að kaffigjaldið verði áfram 2.000, út árið 2024. Stjórn óskaði þó eftir heimild á milli funda til að hækka gjaldið ef ástæða yrði til og var það samþykkt.

6. Styrkúthlutanir

Fundarstjóri skýrði frá því að stjórnin hafi kallað eftir upplýsingum frá Heilbrigðisstofnun Austurlands varðandi búnað sem vantar til starfsemi stofnunarinnar víða um Austurland. Rekstur heilbrigðisstofnana gengur brösuglega og ekki næst að fjármagna nema hluta af þeim búnaði sem til þarf á Austurlandi með fjárframlögum ríkisins og hollvinasamtökum.

Lögð fram tillaga stjórnar um eftirfarandi styrkúthlutanir:

- Styrkur til kaupa á blóðþrýstingsmælum og mancettum fyrir heimahjúkrun á Eskifirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði, samtals krónur 200 þúsund, samanber lista HSA yfir tækjabúnað sem vantar til starfseminnar.
- Styrkur til Krafts, stuðningsfélags ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein, eða Ljóssins, stuðningsfélags fólks sem fengið hefur krabbamein, að upphæð krónur 300 þúsund.

Samtals styrkveitingar að upphæð krónur 500.000,-.

Var það lagt í hendur fundarins að velja á milli Krafts og Ljóssins.

Opnað var fyrir umræður:

Sigurbjörg Bjarnadóttir sagðist styðja hvort sem væri styrk til Ljóssins eða Krafts. Um væri að ræða frábær samtök sem ynnu gott starf við að styðja fólk sem greinst hefur með krabbamein.

Björg S. Blöndal benti á að gott væri að eiga borð fyrir báru varðandi styrkveitingar ef upp koma aðstæður sem félagið vill leggja lið. Hún nefndi sem dæmi snjóflóðin á Neskaupstað og aurflóðin á Seyðisfirði. Einnig benti hún á að ekki væri svo langt síðan félagið hefði styrkt Ljósið þannig að hennar atkvæði færi frekar til Krafts.

Sigurbjörg sagðist einnig styðja tillögu um styrk til Krafts að þessu sinni.

Fundarstjóri sagði stjórn telja enn nokkuð svigrúm til frekari styrkja síðar á árinu, ef þannig bæri undir, þar sem félagið á nokkurt fé á reikningum og einnig eru nýjar tekjur að skapast í hverjum mánuði.

Tillaga um styrk til HSA, vegna kaupa á blóðþrýstingsmælum, alls kr. 200.000 og styrk til Krafts um kr. 300.000, alls kr. 500.000 krónur, samþykkt samhljóða.

Sigríður Friðriksdóttir kvað sér hljóðs og minnti á starf Líknar- og vinafélagsins Bergmáls. Tilgangur félagsins er að hlynna að krabbameinssjúkum, blindum, öldruðum og þeim sem búa við langvarandi sjúkdóma.

Sigurbjörg Bjarnadóttir upplýsti að Félag austfirskra kvenna hefði keypt sjónvörp í öll herbergi í orlofshúsnæði Bergmáls á sínum tíma en félagið býður skjólstæðingum félagsins upp á fría orlofsdvöl á sumrin.

7. Kosning stjórnar

Þar sem núverandi stjórn var kosin til tveggja ára á aðalfundi 2023 þá var ekki um kosningu stjórnar að ræða að þessu sinni.

8. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga

Tillaga stjórnar um Ásgerði Ásgeirsdóttur úr Breiðdal og Halldóru Karlsdóttur frá Djúpavogi sem skoðunarkonur félagsins til eins árs, var lögð fram og samþykkt samhljóða.

9. Önnur mál

Lög félagsins

Fundarstjóri skýrði frá fyrirætlunum stjórnar að vinna tillögur að breytingum á lögum félagsins á milli funda og leggja fram á aðalfundi 2025.

Þær tillögur verða að sjálfsögðu byggð á eldri lögum félagsins en þó eitthvað uppfærð í takt við tímann.

Skemmtiferð félagsins 2024

Stjórnin stefnir að því að skipuleggja dagsferð seinni partinn í maí í Húsafell í Borgarfirði. Boðið verður upp á leiðsögn um sögu staðarins og stoppað hér og þar í ferðinni, til gagns og gamans.

Óskað var eftir öðrum tillögum, ef áhugi er fyrir öðrum áfangastöðum í tengslum við vorferðina, með góðum fyrirvara fyrir aprílfundinn því stefnt er að því að kynna drög að dagskrá á þeim fundi.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir á aðalfundinum.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og gott hljóð.

Formaður þakkaði einnig fyrir góðan fund og frábæra mætingu. Hún þakkaði meðstjórnendum sínum kærlega fyrir gott samstarf síðastliðið ár og þá sérstaklega Höllu sem væri að öðrum ólöstuðum búin að leggja ómælda vinnu í félagið, ekki síst með gerð og uppsetningu á heimasíðu félagsins, allri umsjón samfélagsmiðla félagsins og aðstoð við formanninn.

Formaður sleit síðan aðalfundi en hvatti fundarkonur til að njóta áfram kvöldsins saman.

Jóna Hallgrímsdóttir spilaði nokkur vorleg lög á harmonikku fyrir fundarkonur og var vel tekið undir í söng. Sátu fundarkonur áfram um nokkra stund við spjall og skemmtilegheit.

Fleira var ekki gert og fundi slitið um kl. 10:30.
Halla Kjartansdóttir, fundarstjóri/fundarritari